

Gleym mér ei teppi fyrir englabörn



Hönnun: Steinunn Kristín Pétursdóttir fyrir **Gleym mér ei styrktarfélag**
Janúar 2024



ALDUR

12-21 vikna / 22-30 vikna / 31-40 vikna

STÆRÐIR (lengd og breidd u.þ.b.)

25 x 35 / 35 x 45 / 45 x 60 cm

GARN

Sandnes Lanett / **Sandnes Merinoull** eða sambærilegt.

Veljið mjúkt, náttúrulegt garn (ekki gerviefni, ekki loðið). Best að nota ljósa, hlutlausu liti.

50, 100, 100 / **50-60, 100, 150** gr

PRJÓNAR

Hringprjónn 40-60 cm, # 3,0 / **4,0**

PRJÓNAFESTA Í SLÉTTU PRJÓNI

27 L = 10 cm á prjóna 3,0 / **22 L = 10 cm á prjóna 4,0**

ANNÐ SEM ÞARF AÐ HAFA VIÐ HÖNDINA

Prjónamerki

Skæri, nál

Uppskriftin er gefin upp fyrir tvennskona grófleika af garni; annars vegar fínt garn á prjóna nr. 3,0 og hins vegar milligróft garn á **prjóna nr. 4,0**. Feitletraðar tölur í uppskriftinni eiga við um grófara garnið.

Teppið er prjónað fram og til baka á hringprjón.

Ég valdi mynstrið sérstaklega fyrir þetta teppi.

Teppið sjálft tákna lífið allt.

Götin í mynstrinu tákna tómið sem barnsmíssir skilur eftir sig í lífum foreldra og annarra aðstandenda. Hvert einasta gat sem myndast þegar teppið er prjónað minnir þannig á allar stundirnar sem aldrei verða; fyrsta brosið sem aldrei mun sjást, fyrsta orðið sem aldrei mun heyrast, öll afmælin sem aldrei verður haldið uppá, vinirnir sem barnið eignast aldrei. Allir sigrarnir og merku tímamótin sem aldrei verður fagnað.

En þrátt fyrir þetta ógnarstóra tómarúm heldur lífið áfram hjá hinum í fjölskyldunni, samofið því sem aldrei verður. Þetta elskaða barn mun ávallt verða hluti af sögu þeirra sem eftir lifa.

Það má fella tár þegar þetta teppi er prjónað ♡



Skýringar á aðferðum sem notaðar eru í uppskriftinni

SI = slétt

PM = prjónamerki

Umf = umferð

Úrtaka til hægri:

2 lykkjur prjónaðar slétt saman

Úrtaka til vinstri:

2 lykkjur prjónaðar slétt snúið saman, með því að prjóna aftan í lykkjurnar

Garnval

Æskilegast er að nota mjúkt ullargarn í hlutlausum eða mjúkum litatónum. Garnið má ekki vera loðið og ekki úr gerviefnum.

Áður en þú byrjar

Gerður er garðapryónskantur neðst og efst á teppinu og í hvorri hlið. Þær lykkjur eru alltaf prjónaðar slétt, hvort sem er á réttu eða röngu.

Til þess að kanturinn verði fallegur er fyrsta lykkja hverrar umferðar á réttu og röngu tekin óprjónuð, eins og prjóna ætti hana slétt, með bandið fyrir aftan.

Auðvelt er að minnka eða stækka teppið ef vill með því að fækka/fjölga lykkjum um eina eða fleiri mynsturendurtekningu (=8 lykkjur). Lengdinni má einnig stýra með því að prjóna færri eða fleiri umferðir. Lykkju- og umferðafjöldi sem nefndur er í uppskriftinni miðast við þær stærðir sem gefnar eru upp fremst.

Tekið er við teppunum hjá Gleym mér ei Styrktarfélagi, Suðurgötu 41, Hafnarfirði.

Teppi


Fitjaðu upp 66, 94, 118 / **54, 78, 96** lykkjur á hringprjón nr. 3,0 / **4,0**.

Prjónaðu 7, 9, 9 / **5, 5, 7** umf garðaprjón. Mundu að taka fyrstu lykkju hvernar umf. óprjónaða.

Næsta umf. er á réttu. Það er umf. 1 á myndarmynd.

Prjónaðu 5, 7, 7 / **3, 3, 4** lykkjur sl. (kantlykkjur). Settu PM.

Prjónaðu skv. mynd þar til 5, 7, 7 / **3, 3, 4** lykkjur eru eftir (kantlykkjur). Settu PM, og prjónaðu kantlykkjurnar sl.



Prjónaðu skv. mynd þar til stykkið mælist u.þ.b. 33, 43, 57 cm frá uppfiti, en þó þannig að síðasta umf. sé samsvarandi umf. 1 eða 7 á mynd.

Þegar réttri lengd er náð eru prjónaðar 7, 9, 9 / **5, 5, 7** umf. garðaprjón.

Felldu af frá réttu með sléttum lykkjum.

Nú er ekkert eftir nema að ganga vel frá öllum endum og skola úr teppinu skv. leiðbeiningum garnframleiðandans. Varist að nota sterkilmandi þvottaefni, best er að nota lítið sem ekkert af mildri sápu og sleppa mýkingarefni alveg.



AÐ LOKUM

Ég vona að allt hafi gengið vel og þú sért sátt/ur við uppskriftina og útkomuna.

Hafirðu einhverjar athugasemdir sendu mér þá endilega skilaboð, annað hvort á Facebook eða Instagram (litliprins) eða á verslun.litliprins@gmail.com

Ef þú deilir myndum af þessu handverkinu þínu á samfélagsmiðlum máttu endilega merkja þær með

#gleymmereiteppi

@gleymmereistyrktarfelag

@litliprins

LITLI
PRINS